



Fréttaskot úr skólalífinu, október 2007
Umsonn og ábyrgð: Már Vilhjálmsson

Menntaskólinn við Sund

GNODARVOGI 43, 104-REYKJAVÍK, SÍMI: 580-7300,
BRÉFASÍMI: 580-7301. HEIMASÍÐA: HTTP://WWW.MSUND.IS

STUBBUR

ÁRGANGUR 7, TBL. 1

Smælki

Breytingar á stjórnun við MS

Sigurrós Erlingsdóttir



er tekin á ný við starfi kennslustjóra eftir eins árs námsleyfi. Hún lauk MA gráðu í skólastjórnun frá háskólanum í San Diego.

Halla Kjartansdóttir



sem gegndi stöðu kennslustjóra í afleysingu skólaárið 2006 - 2007 hefur snúið aftur til kennslu. Skólinn þakkar henni fyrir vel unnin störf.

Brautskráðir stúdentar frá skólanum fram til ársins 2005 - Skipting eftir námsbrautum

Unnið upp úr samantekt Sigurðar Ragnarssonar 2004

Eftir útskrift vorið 2004 hafa verið brautskráðir frá skólanum 5220 stúdentar, 2567 piltar og 2653 stúlkur.

Málabraut: Málabraut hefur verið í boði frá stofnun skólans. Af málabraut hafa verið brautskráðir 1013 stúdentar, 250 piltar (24,7%) og 763 stúlkur (75,3%). Fyrstu árin var málabrautin óskipt en fyrstu stúdentarnir af latínukjörsviði brautskráðust 1987 og árið 2004 höfðu alls 157 stúdentar verið brautskráðir af því kjörsviði (21 piltur og 136 stúlkur). Hin síðari ár hafa fáir stúdentar verið brautskráðir af latínukjörsviði. Enginn stúdent brautskráðist af latínukjörsviði 2002 og 2003 en flestir voru þeir árið 1997 eða 20 talsins (2 piltar og 18 stúlkur).

Félagsfræðabraut: Fyrstu stúdentar af félagsfræðabraut voru brautskráðir árið 1977 og frá því ári hafa alls 1680 stúdentar verið brautskráðir af brautinni (félagsfræði- og hagfræðikjörsviði), 814 piltar (48,5%) og 866 stúlkur (51,5%). Flest árin hafa stúlkur verið mun fjölmennari á félagsfræðilínunni (665 stúlkur á móti 399 piltum) en piltar hafa hins vegar verið í meirihluta á hagfræðilínunni (415 piltar á móti 201 stúlkur).

Náttúrufræðibraut: Náttúrufræðibraut hefur verið í boði frá stofnun skólans. Í fyrstu skiptist hún í tvær línur, náttúrufræði- og eðlisfræðilínu. Af náttúrufræðibraut hafa verið brautskráðir 2515 stúdentar, 1641 stúdent af náttúrufræðilínu (núverandi líffræðikjörsviði), 867 af eðlisfræðikjörsviði og 7 af umhverfiskjörsviði en fyrstu stúdentarnir af því voru brautskráðir vorið 2004. Kynjahlutföll er nánast jöfn á náttúrufræðilínunni (822 piltar og 819 stúlkur) en piltar eru í meirihluta brautskráðra stúdentar af eðlisfræðikjörsviði (671 piltur á móti 196 stúlkum).

Framhald á baksíðu →

Stofnanasamningar við Menntaskólann við Sund

Gerðir eru nokkrir stofnanasamningar við Menntaskólann við Sund.

Samningur MS og félagsmanna innan SFR: Gerður hefur verið stofnanasamningur um launaröðun félagsmanna í MS innan vébanda SFR. Þessum samningi hefur síðan verið fylgt eftir með breytingum sem miða einkum að því að hækka lægstu laun, jafna launasetningu innan skólans og draga úr hugsanlegum kynbundnum launamun.

Samningur MS og félagsmanna innan BHM: Í gildi er stofnanasamningur með gildistíma frá 1. maí 2006 ásamt áorðnum breytingum. Tilgreindar eru forsendur fyrir launaröðun til starfa og launaröðun sem byggir á persónubundnum þáttum sem og árangri í starfi. Með samningnum var stigið skref í átt að samræmingu á launaröðun háskólamenntaðra starfsmanna innan skólans.

Samningur MS og félagsmanna innan KÍ: Í gildi er stofnanasamningur frá 1. maí 2006 ásamt áorðnum breytingum. Í samningnum er kveðið á um forsendur launaröðunar til starfa og aðra þá þætti sem hafa áhrif á launaröðun, bæði verkefnatengda þætti, persónubundna þætti sem og árangurstengingu launa. Jafnframt hafa verið gerðir sérsamningar um viðmiðunarreglur fyrir árangurstengingu launa, greiðslur fyrir kjörsviðsverkefni, faglega stjórnun og verkefnastjórn.

Menntaskólinn við Sund

sími: 580-7300, bréfasími: 580-7301
netfang: msund@msund.is
vefsíða: http://www.msund.is



AÐEINS ÞAÐ BESTA

Framhald af síðu 1

Kynjaskipting útskrifaðra nemenda innan skólans er því nokkuð jöfn sé horft á heildarfjölda stúdenta frá MS. Kynjaskiptingin birtist hins vegar í vali nemenda á kjörsvið brauta. Þar er hún skýr og ekkert virðist benda til þess að þar hafi átt sér einhverjar miklar breytingar undanfarna áratugi.

Ár	Latína		Mála		Félagsfræði		Hagfræði		Náttúrufræði		Umhverfis		Eðlisfræði		Tónlist		Samtals
	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	Piltar	Stúlkur	
1973			24	43					44	14			27	7			159
1974			34	36					38	26			22	2			158
1975			18	34					42	21			23	6			144
1976			27	36					31	25			32	8			159
1977			8	14	13	16	2	14	38	47			30	9			191
1978			8	14	4	27	13	13	36	34			20	4			169
1979			3	20	15	16	23	11	32	24			34	7			185
1980			3	26	21	27	13	11	25	27			22	7			182
1981			5	32	11	13	10	8	23	20			28	9			159
1982			4	18	15	29	12	2	23	23			32	5			163
1983			5	14	9	26	13	2	34	37			24	6	1		171
1984			5	14	15	20	15	7	24	40			29	10	1	1	181
1985			4	13	5	23	22	4	19	37			25	14			166
1986			3	14	11	31	26	6	21	19			16	17			164
1987	1	10	4	14	2	13	20	18	22	18			26	5			153
1988		17	1	12	6	17	22	13	24	17			30	12			171
1989		9	1	18	6	16	13	11	23	31			28	7			163
1990		7	5	15	16	25	24	12	17	16			17	4	1		159
1991	4	13	6	8	7	23	22	12	18	18			19	4			154
1992	1	6	1	21	10	25	14	14	27	28			14	6			167
1993	1	2		28	29	29	13	4	28	25			19	3			181
1994		4	5	11	24	29	12	7	31	21			19	10		1	174
1995	3	8	3	13	25	41	9	10	28	14			10	3	1	1	169
1996	4	15	9	14	34	15	12	2	18	28			20	3			174
1997	2	18	5	17	13	30	4	3	16	33			14	3	2		160
1998	3	5	5	23	16	24	16	5	23	22			13	2			157
1999	1	8	7	19	21	24	10	5	31	30			18	7		1	182
2000		5	8	16	18	25	7	6	16	17			13	5		1	137
2001	1	6	4	21	8	24	8	1	27	24			15	1			140
2002			3	17	19	29	18	4	20	26			6	2			144
2003			7	23	11	21	22	7	14	29			10	5		1	150
2004		3	4	9	15	27	8	5	9	28		3	16	3			134
Alls	21	136	229	627	399	665	415	201	822	819	4	3	671	196	6	6	5220

Tafla 1 . Brautskráðir nemendur frá MS frá upphafi skólans til vors 2004 skipt á brautir og kjörsvið.

Menntaskólinn við Sund

Starfsfólk við skólann

Starfsfólk á skrifstofu:

Hilda Hilmarsdóttir



Skrifstofustjóri

Verksvið: Dagleg umsýsla og rekstur skrifstofu.


Þorbjörg Júlíusdóttir



Fulltrúi

Verksvið: Almenn skrifstofuvinnu. Sérsvið: Fjölföldun og umsýsla með ljósritunarvélum.

Svava Loftsdóttir



Fjármálastjóri

Verksvið: Bókhald, umsýsla með rekstri, afgreiðsla launa og almenn fjársýsla.